

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra  
fimmtudaginn 4. október 2007, kl. 13.00.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Menningarstyrkir – yfirferð og afgreiðsla
2. Drög að samningsformi við styrkhafa
3. Úthlutunarhátíð
4. Merki fyrir ráðið – drög að auglýsingu
5. Önnur mál

*1. Menningarstyrkir*

Alls bárust 50 umsóknir en ein umsókn hafði verið dregin til baka. Styrkbeiðnir námu samtals rúmum 46 milljónum kr. Menningarráðið samþykkti að styrkja 41 umsókn að upphæð 17.650 þús. kr.

*6. Drög að samningsformi við styrkhafa*

Fyrir fundinum lágu drög að samningsformi við væntanlega styrkhafa og voru þau samþykkt.

*2. Úthlutunarhátíð*

Samþykkt að úthlutun styrkja fari fram föstudaginn 26. okt., kl. 17.00.  
Menningarfulltrúa falin nánari útfærsla málsins.

*3. Merki fyrir ráðið*

Samþykkt að auglýsa eftir tillögum um merki ráðsins, umsóknarfrestur er til 1. desember.

*4. Önnur mál*

Samþykkt að á næsta ári verði tvær úthlutanir verkefnastyrkja, með umsóknarfresti 15. mars og 15. september.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.00.  
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.